

Minnisblað fyrir vöktun náttúruverndarsvæða 2021

Farið var á níu svæði sumarið 2021 vítt og breitt á Vestfjörðum. Öll svæði voru ljósmynduð með dróna nema Hvítanes til að lágmarka áreiti á seli. Eftir að hafa prófað okkur áfram með myndforrit var ákveðið að nota Pix4d Capture til að setja upp ferlana í drónanum en DroneDeploy til að setja myndirnar saman í kort. Áhrif ferðamanna á svæðin voru svo metin með aðferðum sem hentuðu hverju svæði samkvæmt Handbók í aðferðafræði vöktunar náttúruverndarsvæða.

Verkefni 1 Gróðurvöktun við Látrabjarg

Mælingar fóru fram í lok ágúst. Veður var milt, skiptist á sólríkur og skýjaður himinn með stöku úða. Svæðið var allt kortlagt með dróna en tíðir þokubakkar gerðu drónamyndatöku seinlega. Sennilega ættum við næst að fara einni eða tveim vikum seinna á Látrabjarg, því þó svo að allir svartfuglar væru farnir voru ennþá margir fýlar og ritur í bjarginu. Fuglarnir fljúga stöðugt meðfram bjarginu og oft fóru þeir óþægilegt nálægt drónanum. En með þolinmæði náðust skýrar myndir og er núna til gott kort af svæðinu. Hinsvegar náðist ekki að dróna svæðið alveg við bílastæðið en það var drónað 2020.

Ákveðið var að nota gróður aðferð 2a: *Ástandsgreining göngustíga með punktmælingum*. Þessi aðferð þótti henta best til að meta ástand göngustígsins og gróðursins meðfram honum. Punktar voru valdir fyrir endurtekna myndatöku. Gengið var frá bílastæði að Barði, um 2,4 km. Stígurinn er nánast alltaf í töluverðum halla og því aukin rofhætta. Traðk hefur framkallað djúpa göngustíga og mikið jarðvegsrof. Áhrif traðks á gróður meðfram stígum var mjög mismikið, eða allt frá 10 cm uppí 15,2 m. Mörk milli stígs og álagssvæðis voru ekki alltaf skýr. Fjöldi stíga sem myndast hafa á gönguleiðinni var mjög breytilegur og hver stígur mis greinilegur. Breidd ógróins svæðis er ekki alltaf það sama og breidd stígs, sérstaklega ekki ef það er gróið svæði inn á milli „stíga“. Ákveðið var því að ýmist skilgreina einn til þrjá stíga sem eiginlegan stíg og allt annað rof var skilgreint sem álagssvæði. Ástand gróðurs er sérstaklega slæmt á köflum þar sem stígurinn liggur fjær bjargbrúninni, þá dreifist traðk álagið yfir stærra svæði og hálf grónir útsýnispallar myndast.

Athuga þarf hvort loka ætti svæði á bjarginu þar sem sprungur eru orðnar djúpar og vindur hvín í gegn. Hægt var að setja 4 metra langt prik niður í sprunguna. Landvörður ætlaði að láta Umhverfisstofnun vita af sprungunni og mæla með því að svæðinu verði lokað.

Verkefni 2. Nýr Þjóðgarður á Vestfjörðum

Eftir að hafa ráðfært okkur vel við alla landverði á svæðinu var ákveðið að framkvæma gróðurvöktun við göngustígana meðfram ánum Pennu og Þingmannaá. Báðar gönguleiðarnar eru fjölfarnar samkvæmt landvörðum en önnur hefur fengið nýlega yfirhalningu (ennþá var unnið í stígnum þegar gönguleiðin var tekin út af NAVE) en hinni gönguleiðinni hefur nánast ekkert verið sinnt. Mælingar fóru fram í góðu veðri um miðjan ágúst og var unnið eftir gróður aðferðum 2b: *Kortlagningu skemmda á göngustígum*.

Endurtekin myndvöktun á göngustígum við Þingmannaá sem nýlega hefur verið lagfærður gæti gefið góða innsýn í árangur mismunandi aðferða við endurheimt gróðurs. Mismunandi aðferðum var beitt við að loka skemmdir af og gróðurtorfur settar niður. Myndir voru teknar af þessum stöðum og verður áhugavert að fylgjast með þeim í framtíðinni. Athugaður var um 1,6 km kafli göngustígsins meðfram Þingmannaá, þar voru merktar 13 skemmdir vegna breiðs stígs, 10 skemmdir vegna hliðarstíga og 5 skemmdir vegna jarðvegsrofs. Heildarlengd skemmda var 146 m og meðallengd skemmda um 5,2 m.

Myndvöktun göngustígs meðfram ánni Pennu, sem hefur fengið litla sem enga aðhlynningu, mun sýna fram á mikilvægi þess að fara í framkvæmdir á svæðinu. Athugaður var um 890 m kafli göngustígsins meðfram Pennu, þar voru merktar 16 skemmdir vegna of breiðs stígs og 12 skemmdir vegna hliðarstíga. Heildarlengd skemmda var 203 m og meðallengd skemmda um 8,8 m.

Gengið var að Surtabrandsgili um miðjan ágúst. Ábúandi á bænum og landvörður voru látin vita áður en lagt var af stað því svæðið er almennt lokað nema í fylgd landvarðar. Ákvarðaðir voru tveir punktar fyrir endurtekna ljósmyndun. Mikilvægt verður að fara á svæðið næsta vor til að gera okkur betur grein fyrir náttúrulegu rofi áður en svæðið verður heimsótt næsta haust.

Búast má við að umferð muni aukast töluvert þegar vegaframkvæmdum á svæðinu lýkur sem ýtir undir mikilvægi þess að fylgjast með svæðinu.

Ekki gafst færi á að framkvæma fuglavöktun sem minnst var á í verksamningi. Fuglavöktunina átti að framkvæma samhliða gróðurvöktuninni en þetta hentaði ekki vegna tímasetningar. Þetta er eitthvað sem við myndum eindregið vilja gera í framtíðinni, en þá er nauðsynlegt að framkvæma vöktunina fyrir á árinu.

Verkefni 3. Dynjandi

Gengið var frá bílastæði upp að fossi. Á leiðinni voru teknar myndir fyrir endurtekna myndatöku á vel völdum stöðum. Svæðið hefur fengið góða aðhlynningu og lýtur nokkuð vel út. En eftir því sem ofar dregur er ástand stígsins lélegra.

Svæðið neðst, hjá bílastæðum, salernum og borðaðstöðu var sérstaklega tekið út fyrir gróðurvöktun með aðferð 1a: *Álagssvæði gróðurs og jarðvegs*. Gengið var utanum allt svæðið með GPS tæki og var sá ferill merktur í gagnagrunn NÍ. Svæðið var svo teiknað og skipt upp í 7 fláka sem var lýst og ljósmyndaðir, punktar voru valdir fyrir endurtekna ljósmyndun á hverjum fláka.

Fylgjast mætti með ágengi snarrótar á svæðinu. Snarrótarfræ hafa sennilega verið í fræblöndu sem notuð var til að græða sár eftir framkvæmdir. Snarrót er áberandi við bílaplan, meðfram vegi og fyrir ofan salerni. Snarrót var teiknuð inn á gróðurkort sem unnið var í aðferð 1a.

Verkefni 4. Hvalárvæðið

Svæðið var heimsótt um miðjan september. Hælar voru settir niður við punkta fyrir endurtekna ljósmyndun. Eins og er er leiðin ómerkt, þetta ýtir undir frekari myndun hliðarstíga sem nú þegar hafa myndast, þá sérstaklega næst bílastæði þar sem álagið er mest. Mikilvægt er að stika leiðina sem fyrst því auðveldara er að koma í veg fyrir myndun hliðarstíga en að græða upp gróður eftir að þeir hafa myndast. Umferð um svæðið mun líklegast aukast með bættum samgöngum og aukinni umferð.

Verkefni 5. Náttúruleg í Reykjarfirði

Svæðið var tvisvar athugað, fyrst 18. ágúst og næst 18. september.

Þann 18. ágúst var svæðið drónað og gróður aðferð 3b: *Gróðurreitir við stíga innan jarðhitavistgerða* beitt til að meta áhrif traðks á jarðhitagróður. Stígurinn sem nær hringinn í kringum laugina var á köflum í slæmu ástandi, djúp drulla á stíg og töluvert jarðvegsrof. Við vorum ekki með tæki til að mæla jarðvegsþjöppun, en greinilegt er að jarðvegurinn er mjög þéttur undir stígnum.

Þann 18. september var svæðið aftur athugað. Þá voru yfirlitsmyndir úr dróna nýttar til að teikna upp útbreiðslukort jarðhitavistgerða. Aðferðum 3a: *Jarðhitagróður, útbreiðsla jarðhitavistgerða* var beitt við skráningu tegunda. Jarðhiti reyndist vera mjög gloppóttur og reyndist því erfitt að teikna út fláka út frá jarðhita. En jarðhiti var mældur á víð og dreif um svæðið og merkt inná kortið. Næsta sumar væri gott að bæði dróna stærra svæði og mæla jarðhita á stærra svæði því jarðhiti yfir 15°C mældist mun lengra frá lauginni en athugandi bjóst við og náði langt út fyrir myndir sem teknar voru í fyrri vettvangsferð.

Einnig var ákveðið var að mæla aftur jarðhita á sömu punktum og mældir voru í fyrri vettvangsferð (aðferð 3b) og reyndust í öllum tilfellum mælingarnar í september vera lægri en þær sem gerðar voru í ágúst. Hugsanlega vegna þess að lofthiti var þá töluvert lægri. Þetta sýnir fram á að ef við ætlum að meta meðal jarðvegshita svæða yfir tíma er mikilvægt að skrá lofthita og aðrar veðurlýsingar. Einnig væri þá hægt að athuga meðalhitastig utan jarðhitasvæða á sama tíma.

Athuga mætti möguleika á að nota dróna með hitamyndavél til að fá nákvæmara kort af jarðhita.

Verkefni 6. Hörgshlíðarlaug

Athugun fór fram 11. september. Fjórir punktar voru valdir fyrir endurtekna ljósmyndun. Einnig var gengið um svæðið og ástandið metið sjónrænt. Gróður í brekku niður af vegi og að laug sýnir merki um álag og mætti fylgjast með því. Lítið álag er á jarðhitagróður fyrir ofan veg.

Verkefni 7. Nauteyrra laug

Svæðið var heimsótt daginn 12. september. Tveir punktar voru valdir fyrir endurtekna ljósmyndun. Gróður virðist ekki vera undir miklu álagi og ástandið gott enda er svæðið ótímabundið lokað almennt umferð.

Verkefni 8. Húsavíkurkleif

Svæðið var heimsótt 11. september. Valdir voru tveir punktar fyrir endurtekna ljósmyndun. Mikilvægt verður að fara á svæðið næsta vor til að gera okkur betur grein fyrir náttúrulegu rofi áður en svæðið verður heimsótt næsta haust. Athuga mætti hvort hægt sé að bera saman rof hér og í Surtabrandsgili. Umferð að Húsavíkurkleif er með engu stýrt og gangan frá bílastæði mjög greið, tekur innann við 10 mínútur. Hins vegar er einungis leyfilegt að heimsækja Surtarbrandsgil í fylgt landvarðar ásamt því að gangan tekur um 45 mínútur.

Verkefni 9. Hvítanes

Farið var þrisvar sinnum yfir sumarið að Hvítanesi dagana 21. júní, 24. júlí og 10. september. Athuganir fóru fram úr bíl þar sem var góð yfirsýn yfir svæðið. Athuganda fannst óþarfi að fljúga dróna yfir svæðið þar sem það var gert árið 2020, en við vildum lágmarka áreiti á selina. Notast var við aðferð 2: *Selir* og fyllt inn í eyðublað *Selir* og ferðamenn sem útbúið var fyrir athuganir á Ytri Tungu á Snæfellsnesi. Hægt var að notast við sama eyðublað en athuga skal að við Hvítanes var vöktunarsvæði ekki skipt niður í minni svæði heldur allt talið saman, enda athugunarsvæði ekki mjög stórt. Skráning á fjarlægð ferðamanna við seli var einnig breytt til að aðlaga þær við aðstæður á Hvítanesi. Þetta þarf að hafa í huga við greiningu gagna, en fjarlægðarmat var skráð á eftirfarandi hátt: 0 ef ferðamenn stóðu á útsýnispalli, 1 ef ferðamenn stóðu á götu við litla bílastæðið, 2 ef ferðamenn fóru yfir vegrið en héldu sig nálægt því (< 100m frá vegriði), 3 ef ferðamenn labba áleiðis að selum en fara ekki alveg upp að þeim (>100m frá vegriði og >100 frá selum), 4 ef gengið er alveg upp að selum og jafnvel farið framhjá svæðum þar sem selir lágu áður en þeir hörfa frá ferðamönnum (<100 m frá selum). Þetta fjarlægðarmat má endurskoða ef þurfa þykir. Þetta fer eftir hvernig unnið verður úr gögnunum, mögulega ætti bara að skrá 0 þegar engin ferðamaður er á svæðinu.

Athuga mætti hvort hægt væri að fjarlægja bílastæði þar sem margir ferðamenn stoppa og labba þaðan að selum. Veit ekki hvort bílastæðið sé í einkaeigum, en ef svo er væri hægt að setja upp merkingu um að almenningur megi ekki leggja þarna og benda á að bílastæði fyrir selaskoðun sé handan við hornið.

Á meðan okkar athuganir fóru fram höfðu einungis ferðamenn sem stoppuðu við þetta litla bílastæði áhrif á atferli selanna. Auk þess er hættulegt fyrir ferðamenn að leggja á þessu bílastæði því þeir neyðast þá til að ganga yfir götuna og standa á veginum til að koma auga á selina, þá ekki með athyglina að umferðinni. Umferðin ýtir undir að ferðamenn fari yfir vegriðið og þá er ekkert sem stoppar þá í að ganga nær selunum.

Búið að er að byggja flotta aðstöðu fyrir selaskoðun á svæðinu og þurfum við að ýta undir að allir ferðamenn nýti sér þá aðstöðu. Bílastæði eru næg og útsýnispallurinn er í góðri fjarlægð við selina. Á meðan okkar athuganir fóru fram virtust ferðamenn sem stóðu á útsýnispallinum ekki hafa áhrif á selina. Hins vegar er fjarlægðin frá útsýnispallinum jafnframt það mikil að ferðamenn eiga oft erfitt með að koma auga á selina. Góð lausn á þessu er að koma fyrir góðum sjónaukum líkt og þeim sem eru við hvalaskiltið á eiðisgranda í RVK (sjá meðfylgjandi myndir).



Sigurlaug Sigurðardóttir
f.h. Náttúrustofu Vestfjarða